

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. desember 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-50/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 4. júlí 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar við viðgerð.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 10. júlí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 19. júlí 2017 og voru send til álitsbeiðanda til upplýsinga sama dag og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 27. júlí 2017. Seljanda voru sendar athugasemdir álitsbeiðanda sama dag og honum bent á heimild til að hafa uppi frekari andsvör innan tveggja vikna. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 23. mars 2017 af seljanda en kaupverðið var 250.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Chevrolet Evanda, árgerð 2005 og hafði verið ekin 117.000 km. á kaupdegi.

Fyrir kaupin hafði seljandi farið með bifreiðina í ástandsskoðun hjá Frumherja og kveðst álitsbeiðandi hafa treyst á að upplýsingar sem þar kæmu fram væru réttar. Síðar kom í ljós að skipta þurfti um bremsudiska, bremsuklossa og dælur sem voru fastar báðu megin að aftan. Þegar álitsbeiðandi innti starfsmenn Frumherja eftir svörum hvers vegna þessi atriði kæmu ekki fram í ástandsskoðun segir álitsbeiðandi að svarið hafi verið að tölvan næmi ekki bremsuleysið því bremsudælurnar væru fastar. Kostnaður við viðgerðina var 77.343 krónur sem álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún væri í með tilliti til þeirra viðgerða sem hún þarfnaðist. Söluverðið, 250.000 krónur, hafi tekið mið af því að viðgerðir yrðu að fara fram en gangverð á sambærilegri bifreið er að sögn seljanda 500.000 – 600.000 krónur. Þá hafi álitsbeiðandi kynnt sér athugasemdir úr ástandsskoðun þar sem alls voru 20 athugasemdir gerðar við bifreiðina. Tvær seinustu athugasemdirnar snúa að stöðuhemli, handbremsu, sem læsi afturdekkjum. Telur seljandi að álitsbeiðanda hafi mátt vera ljóst að eitthvað var að bremsum bifreiðarinnar að aftan. Fyrir hafi legið að bifreiðin þarfnaðist töliverðra viðgerða, sérstaklega á bremsum enda snúi fimm athugasemdir af 20 að bremsubúnaði bifreiðarinnar. Af þeim sökum er kröfu álitsbeiðanda hafnað.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að kaupverð bifreiðar verði „aldrei hærra en markaður samþykkir“. Athugasemdunum fylgdu mynd af bifreið á uppboði hjá Z, fyrir 226.999 krónur. Þá segir álitsbeiðandi að honum hafi aldrei verið bent á að söluskoðun Frumherja væri ekki tæmandi auk þess sem bifreiðin hafi verið stórhættuleg í keyrslu. Álitsbeiðandi telur að um leyndan galla sé að ræða á bremsudælum að aftan þar sem ekki sást í diskana að innanverðu sem voru verulega ryðgaðir.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 23. mars 2017 af seljanda fyrir 250.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2005 og var því um 12 ára og hafði verið ekin 117.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 23. mars 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim

grundvelli. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi veitt álitsbeiðanda upplýsingar um þá annmarka sem hann vissi af fyrir kaupin samkvæmt ástandsskýrslu og ekki liggur fyrir að seljandi hafi haft vitneskju um aðra annmarka þegar kaupin fóru fram. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda lá fyrir við kaupin að bifreiðin þarfnaðist nokkurrar viðgerðar samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu úr ástandsskoðun.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Af þeim reikningum sem lagðir hafa verið fyrir nefndina má ráða að viðgerð hafi farið fram á bremsum bifreiðarinnar seint í maí árið 2017, um tveimur mánuðum eftir kaupin. Viðgerðarkostnaður nam 77.343 krónum en kaupverð bifreiðarinnar var 250.000 krónur. Umþrætt bifreið var 12 ára gömul á söludegi og ekin 117.000 km. Af gögnum málsins verður ráðið að álitsbeiðandi hafi ekki farið með bifreiðina í sjálfstæða skoðun heldur byggt á upplýsingum sem seljandi hafði áður aflað með ástandsskoðun.

Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í fullkomnu standi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Við söluna lá fyrir ástandsskýrsla frá Frumherja þar sem margvíslegar athugasemdir eru gerðar við ástand bifreiðarinnar og bremsur hennar. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðinna viðgerða. Álitur kærufundin að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að um bilun sé að ræða sem stafi af aldri bifreiðarinnar sem álitsbeiðandi mátti gera ráð fyrir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir lágu við kaupin.

Í ljósi allra atvika málsins er ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um greiðslu skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson